Með því svona stendur á og með sjerlegu tilliti til þeirrar hættu, sem því er samfara, að fara um hávetur út til Íslands á skipi, sem ekki er sjerstaklega lagað fyrir slíka ferð, hefir ráðgjafinn álitið, eptir að hann hefir meðtekið álit innanríkisstjórnarinnar um þetta málefni, að sjer bæri að samþykkja, að miðsvetrarferðin fjelli úr í þetta sinn, ef aðaluppástungu alþingis yrði að öðru leyti framgengt, og jafnframt hefir ráðgjafinn tilkynnt fjelaginu, að þessi breyting geti að eins gilt fyrir árið, sem í hönd fer, en að ráðgjafinn búist við, að fjelagið með því að útvega sjer skip, sem lagað sje til vetrarferða, sjái sjer fært síðar meir, að láta fara miðsvetrarferð þá, sem áskilin er í samningnum. 157 11. nóv.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í stjórnartíðindunum, B.-deildinni, læt jeg ekki hjálíða að senda yður nokkur exemplör af umræddri ferðaáætlun.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um hina umboðslegu endurskoðun.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 19. f. m. samþykkir ráðgjafinn hjer með, að framkvæmd hinnar umboðslegu endurskoðunar á reikningum Íslands, sem hefir verið falin kand. polit. Indriða Einarssyni fyrir þóknun þá, sem ákveðin er í fjárlögunum fyrir árin 1880 og 1881, megi einnig felast honum eptirleiðis fyrir þóknun þá, sem tiltekin er í fjárlögunum fyrir hvert tímabil. 158 11. nóv.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um sölu á bóndakirkjueign.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað beiðni frá prestinum að Sauðafelli sira Jakobi Guðmundssyni, þar sem hann fer fram á, að sjer, sem eiganda að Sauðafellskirkju, megi, til þess að bæta úr kostnaði þeim, sem hann þegar hefir varið til aðgjörðar á tjeðri kirkju og endurbótar á jörðunni Sauðafelli, og til þess að hann geti sjeð sjer fært að halda áfram endurbótunum á tjeðri jörð, leyfast að selja undan kirkjunni eign hennar Hamra í Laxárdal, þannig að hún með öllu verði fráskilin kirkjueigninni. 159 11. nóv.

Í tilefni af framanrituðu skal eigi undanfellt þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar vitundar og birtingar, að hið umbeðna leyfi getur eigi veizt, þar eð það mundi koma í bága við grundvallarreglu þá, sem tekin er fram í lögunum (sbr. konungsbrjef 30. júní 1786), að eigi má taka kirkjujörð frá þeirri kirkju, er hún heyrir undir.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um uppbót á 3 prestaköllum.** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 13. f. m., sent hingað beiðni frá 3 prestum, er skipaðir voru í síðastliðnum septembermánuði, sem sje frá sira Helga Árnasyni að Söndum í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi, sira Jóni Ó. Magnússyni að Hofs prestakalli í Húnavatns prófastsdæmi og sira Pjetri Jónssyni að Fjallaþingum í Norðurþingeyjar prófastsdæmi, þar sem þeir fara fram á, að uppbót sú, er með lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, árlega er lögð tjeðum prestaköllum að upphæð 160 11. nóv.